

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 2000.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 2000.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 5. september 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.